



**460. fundur  
haldinn í bæjarráðssal,  
fimmtudaginn 8. apríl 2010 og hófst hann kl. 17.00**

**Fundinn sátu:** Gretar D. Pálsson varaformaður, Ólafur Guðmundsson varamaður Berglind Axelsdóttir varamaður, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Gretar D. Pálsson varaformaður setti fund og fól Erlu Friðriksdóttur bæjarstjóra fundarstjórn.

**Fundargerðir nefnda.**

**1. 1003023 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar dags. 16.2.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**2. 1003022 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar dags. 15.03.2010.**

Fundargerð framlögð, **moldarbraut með pöllum**, samþykkt að byggingafulltrúi og forstöðumanni Áhaldahúss skoði vandlega staðsetningu og útfæri hugmyndina að hjólabraut í samvinnu við Marteín Óla og Eyþór Arnar. **Liður 2** frístundaskóli að sumri, bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur nefndinni og tómsunda- og íþróttafulltrúa að vinna að hugmyndinni.

Fundargerð samþykkt.

**3. 1004001 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 22.3.2010 (126. fundur).**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** Smiðjustígur 2a, byggingarleyfi, ofanábygging.

Guðmundur Jón Sigurðsson sækir um að byggja ofan á íbúðarhúsið við Smiðjustíg nr.2 a, sbr. teikningar frá Hjörleifi Sigurþórssyni/ Brynjari Davíðssyni dags. 10.01.10. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar liggur fyrir.

Erindið var í grenndarkynningu samkvæmt 7. mgr. 43. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/199 frá 19. febrúar til og með 19. mars, fyrir eigendum eftirtalinna húsa: Austurgötu nr. 1, 3, 5, 6, 7 og 9 og fyrir Smiðjustíg nr. 2 og 3. Engar athugasemdir bárust. Samtals m3, m2.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 2** Fákaborg, reiðskemmu.

Sæþór Þorbergsson og Lárus Ástmar Hannesson sækja um f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms að staðsetja reiðskemmu suðaustan við æfingasvæði félagsins sbr. myndir og bréf dags. 13.02.210. Erindið var kynnt í fyrir eigendum Hjallatanga nr. 11 og 34 og Móholt nr. 6, 8 og 10 og 12 Athugasemdir bárust frá Þórði Á. Þórðarson og Ólafíu Gestsdóttur Móholti 10 og Guðmundi Kristinssyni Hjallatanga 11.

Nefndin leggur til að svæði Hesteigendafélags Stykkishólms, (reitur H á Aðalskipulagi), verði deiliskipulagt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**



**Liður 3** Skólastígur 17 a, stigi.

Gissur Þór Ágústsson sækir um f. h. Orkuveitu Reykjavíkur að setja stiga utan á vatnstankinn sbr. bréf dags. 15.10.2010.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 4** Hesthúsahverfi, drög að samþykkt fyrir Hesteigendafélag Stykkishólms.

Lögð fram drög að endurskoðaðri samþykkt um hesthúsabyggðina Fákaborg að beiðni Lárusar Ástmars Hannessonar.

Nefndin leggur til að drög að samþykkt fyrir Hesteigendafélag Stykkishólms verði unnin samhliða deiliskipulagi af svæðinu.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 5** Aðalgata 14, stækkun á bílskúr og breytingar innanhúss.

Hólmgeir S. Þórsteinsson Aðalgötu 14 sækir um að stækka og endurnýja bílskúr og flytja inngang íbúðarhússins yfir á norðurhlið, skipta um glugga og endurnýja klæðningu ásamt ýmsum innanhúsbreytingum sbr. teikningar frá Lárusi Péturssyni dags. 18.03. 2010. Skriflegt samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar liggur fyrir vegna framkvæmdanna á lóðarmörkum.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum um brunavarnir og byggingarreglugerðar, þ.m.t. eldvarnahurð milli bílskúrs og íbúðarhúss.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 7** Þinghúshöfði í Stykkishólmi, deiliskipulagstillaga.

Lögð fram tillaga af deiliskipulagi við Bókhöðustíg og nyrðri hluta Skólastígs og Höfðagötu sem unnin er af Landlínum dags. 19.03. 2010.

Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, og jafnframt verði skipulagið kynnt á opnum íbúafundi á auglýsingatíma.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Fundargerð samþykkt.

**4. 1004004 - Fundargerð stjórnar dvalarheimilis aldraðra (44.fundur).**

Fundargerð framlögð, **liður 1** félagsstarf aldraðra verður með svipuðum hætti og á síðasta sumri. Fundargerð samþykkt.

**5. 1004008 - Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 15.3.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

**6. 1004007 - Fundargerð Umhverfisnefndar dags. 25.3.2010.**

Fundargerð framlögð, **liður 1** samþykkt að umhverfisnefndin sjái um dag umhverfisins 2010. **Liður 2** samþykkt að hafa hreinsunardag með svipuðu sniði og í fyrra. Vikuna 10. til 15. maí n.k.. **Liður 3** samþykkt að fela byggingarfulltrúa að koma með tillögu að yfirborðsfrágangi á stígum í Súgandisey. Fundargerð samþykkt.



**7. 1004006 - Fundargerð Hafnarstjórnar dags. 17.3.2010.**

Fundargerð framlögð. **Liður 3** samþykkt að Hrannar Pétursson, Erla Friðriksdóttir og Símon Sturluson séu í aðgerðahóp um umhverfisstjórn hafnarinnar. Fundargerð samþykkt.

**Aðrar fundargerðir.**

**8. 1003029 - Fundargerð SSV dags. 12.03.2010.**

Framlagt.

**9. 1003024 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 10.02.2010 (110. fundur), ([www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is)).**

Framlagt.

**10. 1003020 - Fundargerð aðalfundar Héraðsnefndar Snæfellinga 2009, dags. 02.03.2010.**

Framlagt.

**11. 1003016 - Fundargerð framkvæmdaráðs Snæfellsness, dags.08.03.2010.**

Framlagt.

**12. 1004005 - Fundargerð um vinnuhóp, efling sveitastjórnarstigsins. Dags. 29.3.2010.**

Framlagt.

**Erindi til kynningar.**

**13. 1003041 - Tölvupóstur Sambands íslenskra sveitafélaga ódags. varðandi umsagnir um skipulags- og mannvirkjaframkvæmdir.**

Framlagt. Fyrri bókun bæjarstjórnar er ítrekuð frá fundi 21. apríl 2008.

**14. 1003040 - Tölvupóstur samgöngunefndar Alþingis dags. 24.3.2010 varðandi frumvarp til laga um sveitastjórnarlög.**

Framlagt.

**15. 1003037 - Bréf Skipulagsstofnunar dags. 1.3.2010 varðandi staðfestingu fundargerðar án umræðu nægir ekki fyrir sveitastjórnir.**

Framlagt.

**16. 1003035 - Bréf Skipulagsstofnunar dags. 16.3.2010 varðandi greiðslu kostnaðar vegna aðalskipulagsgerðar.**

Framlagt.

**17. 1003034 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 3.3.2010 vinnureglur, sérstakt framlag til sveitafélaga til að mæta hækkun á greiðslu tryggingagjalds á árinu 2010.**

Framlagt.

**18. 1003033 - Bréf Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis dags. 19.3.2010 varðandi endurgreiðslu á hækkðu tryggingagjaldi.**

Framlagt.

**19. 1003030 - Tölvupóstur um málefni fatlaðra á Vesturlandi 2010.**

Framlagt.

**20. 1003027 - Tölvupóstur nemenda grunn- og framhaldsnáms og kennara við Tómtunda- og félagsfræðibraut á Menntasvísindasviði Háskóla Íslands, varðandi áskorun um að standa vörð um tómtunda og félagstörf í sveitafélögum.**

Framlagt.

**21. 1003026 - Bréf Sýslumanns Snæfellinga dags.9.02.2010. Varðandi niðurstöðu**



**mælingar á umferðahraða á Silfurgötu.**

Framlagt.

- 22. 1003025 - Bréf menningarráðs Vesturlands dags.12.02.2010 varðandi úthlutun styrkja til menningarstarfs á Vesturlandi.**

Framlagt.

- 23. 1003019 - Bréf Lánasjóðs sveitafélaga dag. 15.02.2010. varðandi aðalfundarboð Lánasjóðs sveitafélaga ohf. 2010.**

Framlagt.

- 24. 1003018 - Bréf félagsins Emblu dags. 10.03.2010 varðandi þökk fyrir veittan stuðning frá Lista- og menningarsjóði Stykkishólms vegna menningarvöku félagsins.**

Framlagt.

- 25. 1003017 - Tölvupóstur nefndasviðs Alþingis dags. 10. 03. 2010 varðandi þingmál skipulagslaga, 425. mál, laga um mannvirki, 426. mál og laga um brunavarnir(Byggingastofnun), 427. mál.**

Framlagt.

- 26. 1003047 - Bréf Félags íslenskra atvinnuflugmanna dags.25.3.2010 varðandi hvatningu sveitafélaga og bæjarfélaga til að vinna að því að núverandi staðsetning Reykjavíkurflugvallar verði til frambúðar í samræmi við ályktanir FÍA.**

Framlagt.

- 27. 1004011 - Fundarboð aðalfundar Menningarráðs Vesturlands 2010.**

Framlagt.

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir.**

- 28. 1003043 - Umsókn um lóð að Neskin 3 og 5.**

Samþykkt að veita Fasteignabankanum ehf. lóðirnar.

- 29. 1003042 - Bréf Jeratúns ehf. dags. 26.3.2010 varðandi hlutafjárúkningu vegna hallarekstrar/ársreikningur.**

Ársreikningur framlagður. Samþykkt að auka hlutafé Stykkishólmsbæjar í Jeratúni ehf. um 6.750.000 kr.

- 30. 1003038 – Fjölskyldustefna.**

Framlagt og samþykkt að fá kynningu frá stýrihópnum fyrir bæjarstjórn.

- 31. 1003036 - Bréf Hildar, Bjargar, Hrafnhildar og Söru dags. 23.3.2010 varðandi styrkbeiðni vegna utanlandsferðar með unglingsliðinu í körfubolta.**

Samþykkt að veita Hildi Björgu Kjartansdóttur, Björgu Guðrínu Einarsdóttur og Hrafnhildi Sif Sævarsdóttur hverri styrk að upphæð 20.000 kr. Söru Mjöll Magnúsdóttur er bent á að sækja um styrk hjá sínu lögheimilissveitarfélagi.

- 32. 1003032 - Bréf Breiðafjarðarnefndar, dags. 19. mars 2010, varðandi umsókn um uppsetningu á skilti við ferjubryggju.**

Bæjarráð tekur jákvætt í uppsetningu á skilti um verndarsvæði Breiðafjarðar. Breiðarfjarðarnefnd er beint á að endurskoða stærð og útfærslu á uppsetningu á skiltinu. Erindinu vísað til hafnarstjórnar og skipulags- og bygginganefndar til umsagnar.

- 33. 1003031 - Bréf sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 16.02.2010 varðandi niðurfellingu fasteignagjalda vegna ársins 2010.**

Samþykkt að veita sóknarnefnd Stykkishólmskirkju styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna kirkjunnar fyrir árið 2010. Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á



vatnsgjaldi.

### 34. 1004002 - Drög að gjaldskrá tjaldsvæðis.

#### Tjaldsvæði

Gjaldskrá	2009		2010 - tillaga
16 ára og eldri	800	16 ára og eldri	900
Rafmagn	450 á bíl	Rafmagn	500 á bíl
Tilboðspakkar		Tilboðspakkar	
3ja daga dvöl	1600	3ja daga dvöl	1800
6 daga dvöl	3200	6 daga dvöl	3600
viku dvöl	3600	viku dvöl	4050

Gjaldskrá samþykkt og tekur hún gildi frá 1. maí n.k.

### 35. 1004003 - Drög að gjaldskrá sundlaugar.

#### Sundlaug

Gjaldskrá	2009	2010 - tillaga
Fullorðnir	380	400
Börn 6-16 ára	150	160
5 ára og yngri	frítt	
Ellilífeyrisþegar	150	160
(með lögheimili utan Stykkishólms)		
Öryrkjar 75%	frítt	

#### Barnakort:

10 miða kort	1.200	1.300
30 miða kort	2.800	3.000

#### Fullorðinskort:

10 miða kort	2.800	3.000
30 miða kort	6.000	6.500
Árskort	22.000	24.000

#### Leiga á:

handklæði	280	300
Sundfötum	280	300
Sturta	100	150

#### Aðgangur að tíma í

íþróttasal	380	400
------------	-----	-----

Gjaldskrá samþykkt og tekur hún gildi frá 1. maí n.k.

### 36. 1002033 - Bréf dags. 15.2.2010. frá Golfklúbbinum Mostra varðandi rekstur upplýsingamiðstöðvar í Stykkishólmi ásamt umsögn Atvinnumálanefndar og fundargerðum Eflingar.



Að teknu tilliti til umsagna er bæjarstjóra falið að ganga til samninga við Golfklúbbinn Mostra um samning til reynslu í eitt ár. Berglind sat hjá.

**37. 1004009 - Drög að reglugerð um snjómokstur og hálkuvarnir í Stykkishólmsbæ.**

Reglugerð samþykkt.

**38. 1004010 – Tillaga Gretars D. Pálssonar um að leitað verði eftir samvinnu við Hugmyndaráðuneytið.**

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkir að leita eftir samstarfi við Hugmyndaráðuneytið við uppsetningu á vefslóð fyrir Stykkishólmsbæ í anda vefsíðu Hugmyndaráðuneytisins ([hugmyndaraduneytid.is](http://hugmyndaraduneytid.is)) þar sem hægt er að koma hugmyndum og tillögum á framfæri og fylgjast með framvindu þeirra.

Greinargerð

Aðferð Hugmyndaráðuneytisins við að koma á framfæri hugmyndum og tillögum er áhugaverð og vænleg leið og líkleg til árangurs, ekki síst vegna úrvinnslu og eftirfylgini á vefnum. Með tenginu á vefsíðu Stykkishólmsbæjar með málaflokk tengdum Stykkishólmsbæ aukast möguleikar íbúa og gesta til þess að hafa áhrif á málefni tengd byggðalaginu.

Gretar D. Pálsson

Tillaga samþykkt.

**39. Vinna við framkvæmdaáætlun Earth Check (Green Globe).**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir vinnu að framkvæmdaáætlun.

**40. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Þór Örn Jónsson